

☒ Re: Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 1 af 3

Búið til	22.12.2020 12:14:50
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.12.2020 12:14:49
Tilheyrir	📁 202012-0018 - Umsókn Björgunar um efnistöku af hafsbótnei utan netlaga við Engey

Efni

Re: Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 1 af 3
--

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.12.2020 12:14:49	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	kg@os.is
Cc	os@os.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202012-0018 (TB)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til efnistöku af hafsbótnei utan netlaga við Engey í Kollafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir málið þ.m.t. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. nóvember 2019 um matsskyldu framkvæmdarinnar. Með hliðsjón af gögnum málsins gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að leyfi verði gefið fyrir framangreindri efnistöku en vísar að öðru leiti í meðfylgjandi umsögn stofnunarinnar frá 17. mars sl. þar sem komið er inn á vöktun á strandrofi við Engey.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Kristján Geirsson" <kg@os.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni varðandi efnistöku Björgunar í Kollafirði - póstur 1 af 3

Date: 8.12.2020 10:47:16

Orkustofnun hafa borist þrjár umsóknir um efnistöku í Kollafirði frá Björgun ehf., (1) við Engey, (2) út af Saltvík, og (3) á Þerneyjarsundi.

Orkustofnun óskar eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um erindi Björgunar með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, sbr. bréf sem fylgir með í viðhengi með pósti þessum.

Vinsamlegast athugið að umsagnarbeiðni þessi er einungis send með rafrænum hætti, ekki verða prentuð eða send eintök af bréfum, umsóknum Björgunar eða fylgiskjölum. Umsóknarbeiðnir verða sendar með þremur tölvupóstum, **þetta er póstur nr. 1 varðandi umsókn Björgunar um efnistöku af hafsbotni utan netlaga við Engey.**

Í viðhengi er jafnframt umsókn Björgunar um efnistöku við Engey. Vegna umfangs fylgiskjala er ekki unnt að senda þau með tölvupósti þessum. Skjölin má hins vegar nálgast á vefslóðinni

<https://www.dropbox.com/sh/1mgk2af1l4ue964/AABcA06zy7HVkcycltVNGAy5a?dl=0>
(<https://www.dropbox.com/sh/1mgk2af1l4ue964/AABcA06zy7HVkcycltVNGAy5a?dl=0>)

og óskar Orkustofnun eftir því að umsagnaraðilar hlaði þeim niður eftir því sem verklag þeirra býður. Athugið að sum fylgiskjölín eru sameiginleg en vegna mismunandi fjölda fylgiskjala eru númer þeirra ekki í öllum tilvikum samræmd.

Jafnframt vísar Orkustofnun til þess að matsskýrsla um efnistöku í Kollafirði frá 2008 (fylgiskjal 6 með umsókn) er aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar ásamt málsferli og álitni stofnunarinnar, sjá

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/555>
(<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/555>)

Óskað er eftir því að umsögn berist ekki síðar en 31. desember nk. Æskilegt er að umsögn sé send á netfangið os@os.is (mailto:os@os.is).

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts þessa, og fullnægjandi niðurhal gagna.

Virðingarfyllst,

Kristján Geirsson, Ph.D, MPA

Verkefnastjóri – stjórnslá vatnsauðlinda

Manager – Water Resource Management



Orkustofnun /National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) <http://www.nea.is> (<http://www.nea.is>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./
Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

NI-Umsogn-nama-Engey-17.03-2020.pdf (353 KB)

image001.png (19 KB)

image001.gif (2 KB)